**Maureen Gruben** er kanadískur frumbyggi og listakona sem vinnur í fjölbreytta miðla, fædd og uppalin í Tuktoyaktuk. Foreldrar hennar voru Inuvialuk sagnafólk og stofnendur E. Gruben's Transport. Hún nýtir lífrænt efni, iðnaðarefni og fundna hluti í sinni listsköpun. Verk hennar vísa til þátta sem tengjast fjölskyldu, samfélagi, endurnýjun tengsla við menningu og land og Inuvialuit menningu.

**Nicholas Galanin** er Lingít og Unangax̂ frumbyggi og listamaður frá Alaska. Í ögrandi verkum sínum skoðar hann nýlendustefnu, menningararf og misnotkun á sjálfsvitund frumbyggja. Hér sýnir hann einþrykk, ljósmyndir og skúlptúra sem gefa til kynna þanþol, lífsafkomu, menningarminningar og menningarframsetningu.

*Er þetta norður?* er hluti af Listahátíð í Reykjavík og er styrkt af Safnasjóði, Nordisk Kulturfond og Frame Contemporary Art Finland. Sýningin verður einnig sett upp í Norræna húsinu í Reykjavík 2025.

Sýningarstjórar: Daría Sól Andrews og Hlynur Hallsson.

**Maureen Gruben** is a multi-disciplinary Indigenous Canadian artist, born and raised in Tuktoyaktuk. Her parents were traditional Inuvialuk knowledge keepers and founders of E. Gruben's Transport. In her practice she uses organic, industrial, and found and salvaged materials, her works point to elements of family, community, cultural healing, connections to land, and her Inuvialuit culture.

**Nicholas Galanin** is an Indigenous Lingít and Unangax̂ artist from Alaska whose provocative practice examines colonialism, cultural heritage, and misappropriation of Indigenous identity. Here he exhibits monotypes, photographs, and sculptural works, drawing on themes of resilience, survival, cultural memories, and cultural representation.

*Is This North?* is a part of Reykjavík Arts Festival and received grants from The Museum Council of Iceland, Nordisk Kulturfond and Frame Contemporary Art Finland. The exhibition will be installed at The Nordic House in Reykjavík in 2025.

Curators: Daría Sól Andrews and Hlynur Hallsson.

Akureyrarbær

GEIMSTOFAN | DAGSKRÁIN | NORÐURORKA | Listahátíð í Reykjavík Reykjavik Arts Festival | Myndlistarsjóður Icelandic Visual Arts Fund | SAFNARÁÐ | frame contemporary art finland | NORDISK KULTURFOND



Hver er afmörkun „norðursins“? Hvar eru landamæri Norðurheimskautsins? Samsýningin *Er þetta norður?* kannar svörin við þessum spurningum. Þar eru sýnd verk eftir listamenn frá hinu víðfeðma norðri: Anders Sunna, Dunya Zakha, Gunnar Jónsson, Inuuteq Storch, Máret Ánne Sara, Marja Helander, Maureen Gruben og Nicholas Galanin.

Er að finna sameiginlega þætti og tengingar á meðal listamanna sem búa þetta norðarlega, í fjölbreyttri flóru menningar? Eru verk þessara listamanna alltaf unnin undir áhrifum frá þessari tengingu við heimili í norðri? Á sýningunni má sjá verk eftir fulltrúa frá eftirfarandi löndum og landsvæðum: Sama-héruðum Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, Íslandi, Grænlandi, Síberíu, Alaska og Norður-Kanada.

Sýningin *Er þetta Norður?* talar beint inn í samtímann. Þar er fjallað um arfleið þeirra sem alist hafa upp og búa nærri norðurheimskautsbaug á tímum aukinnar hnattvæðingar, hamfarahlýnunar og annarra þátta sem hafa mikil áhrif á menningu og líf fólks á norðurslóðum. Verkefnið gefur listamönnum frá þessum heimshluta tækifæri til að tjá sýn sína og skoða hvað við eigum sameiginlegt, samtímis því að sýna fjölbreytileika svæðisins og menningarinnar. Listamennirnir átta vinna sín verk í mismunandi miðla og efni.

**Anders Sunna** er norður-samískur listamaður frá Samahéruðunum í Svíþjóð. Verk hans *Gefið okkur allt og við tökum restina líka* frá 2023 er stórt málverk sem lýsir nýlegri sögu umráða á Samalandi. Hann er alinn upp í fjölskyldu sem hélt hreindýrahjörð í Kieksiäisvaara og ávarpar í verkum sínum ofbeldið og kúgunina sem Samar hafa þurft að þola, sérstaklega þeir sem tilheyra skógar-hreindýra-hjarðfólki, sem eru frumbyggjar héraðsins. Anders var fulltrúi Samalands á Feneyjatvíæringnum 2022.

What are the boundaries and delimitations of “The North”? Where do we find the borders of the Arctic? The group exhibition *Is This North?* delves into these questions, presenting work by artists from the far-reaching Nordics: Anders Sunna, Dunya Zakha, Gunnar Jónsson, Inuuteq Storch, Máret Ánne Sara, Marja Helander, Maureen Gruben and Nicholas Galanin.

Is there a universality of experience to be found within our Nordic countries amidst a diversity of cultural difference? Is the work of these artists always inherently influenced by this connection to a Nordic home? The countries represented in this exhibition include the Sápmi regions of Finland, Norway, and Sweden, Iceland, Greenland, Siberia, Alaska, and North-Canada.

The exhibition *Is This North?* speaks directly to the present, dealing with the heritage of those who have grown up and live in the Arctic in times of increased globalization, global warming and factors that will have a major impact on the culture and life of people in the Arctic. The project gives artists from this part of the world the opportunity to express their vision and look at what we have in common, while at the same time showing the diversity of the region and culture.

The eight artists work with diverse materials and mediums.

**Anders Sunna** is a Northern Sámi artist from the Sápmi region in Sweden. His work, *Give Us All and We Take the Rest Too*, from 2023, is a large-scale painting depicting the resent history of the occupation in Sápmi. Having grown up in a reindeer herding family in Kieksiäisvaara his practice addresses the violence and suppression of the Sámi people and specifically those of forest reindeer-herders native to his region. Sunna represented the Sámi nation at the Venice Biennale in 2022.

**Dunya Zakha** er rússnesk listakona fædd í Yakutia, en býr um þessar mundir í New York. Verk hennar eru innblásin af þeirri viðkvæmni og einmannaleika sem einkennir öfgafullt veðurfar Yakutia. Verkin eru áþreifanleg og mynstruð, unnin sem vefnaðar-útsaums-málverk og skúlptúrar.

**Gunnar Jónsson** ólst upp á Ísafirði og býr og starfar þar í dag. Gunnar vinnur meðal annars með vídeó, ljósmyndir og tónlist. Í verkinu *Umlykja*, sem hann gerði sérstaklega fyrir sýninguna, fjallar hann um muninn á ljósi og birtu, og svo myrkrið í norðrinu. Hvernig birtan er oft merki um lífið sjálft, upphafið og vonina, meðan ljós geta oft verið truflun, ónot og jafnvel kölluð mengun.

**Inuuteq Storch** er grænlenskur ljósmyndari sem endurheimtir sögur frumbyggja á Grænlandi í gegnum vinnu sína í ljósmyndun. Hann varpar ljósi á hefðbundna lifnaðarhætti grænlensku frumbyggjanna sem smám saman eru að hverfa og gleymast. Inuuteq er fulltrúi Grænlands (Danmerkur) á Feneyjatvíæringnum 2024.

**Máret Ánne Sara** er samísk listakona frá Sama-héraðinu Kautokeino í Noregi, þar sem hún býr um þessar mundir. Hún sýnir skúlptúr og stafræn prent. Í verkum hennar má skynja pólitískan undirtón sem fjallar um reynslu Sama. Máret Ánne var fulltrúi Sama á Feneyjatvíæringnum 2022.

**Marja Helander** er ljósmyndari og vídeólistamaður frá finnska hluta Samalands. Hún hefur lengi tekið myndir í Fennoscandian héraðinu í Samalandi og kannað tenginguna milli námuiðnaðarins, lífsgæða dagsins í dag og neyslumenningar, sérstaklega áhrif námuvinnslu á viðkvæma náttúru norðursins.

**Dunya Zakha** is a Russian artist born in Yakutia, currently based in New York. Her practice is motivated by the tenderness yet loneliness that characterizes the extreme weather conditions of Yakutia. Her work is tactile and textured, working with textile embroidery paintings and sculptural work.

**Gunnar Jónsson** grew up in Ísafjörður, NW Iceland, where he now lives and works. Jónsson works with video, photographs and music, among other things. In the work *Surround*, created especially for this exhibition, he examines the difference between light and brightness and the northern darkness. How the brightness is often a sign of life, beginning and hope, while light can often be a disturbance, unpleasant and even called pollution.

**Inuuteq Storch** is a Greenlandic photographer who reclaims the stories of Greenlandic Indigenous peoples through his photographic practice. He sheds light on traditional lives of Greenlandic natives whose way of life and culture is slowly disappearing. Storch represents Greenland (Denmark) at the Venice Biennale 2024.

**Máret Ánne Sara** is a Sámi artist from the Norwegian region of Sápmi, Kautokeino, where she is currently based. In *Is This North?* she presents sculptural and digital print-work. Her works contain political undertones commenting on the Sápmi experience. Sara represented the Sámi nation at the Venice Biennale in 2022.

**Marja Helander** is a photographer and video artist from the Finnish region of Sápmi. For several years she has been taking photographs in Sápmi’s Fennoscandian region, exploring the link between the mining industry and today’s standard of living and culture of consumption, and particularly the impact of mining on the sensitive northern nature.